

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Deiliskipulagsbreyting, Selhraun norður, Selhella 7 og 9.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar þann 29. ágúst 2018 var breyting á deiliskipulaginu Selhraun norður samþykkt með vísan til 1. mgr. 2. gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði. Breytingin nær til lóðanna við Selhelli 7 og 9.

Erindið var grenndarkynnt frá 23. mars – 20. apríl 2018 í samræmi við 1. mgr. 2. gr. samþykktar um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði. Engar athugasemdir bárust.

Breytingin felst í að lóðir við Selhelli 7 og 9 eru sameinaðar í eina lóð. Byggingarreitur við Selhelli 7 er færður til á lóð. Gert er ráð fyrir tengibyggingu milli fyrirhugaðrar byggingar á lóð númer 7 yfir í þegar byggt hús við númer 9. Að öðru leyti gilda þegar samþykktir skilmálar fyrir reitinn.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 31. ágúst 2018.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.